

Nr. 265.

578

16. september 1974.

AUGLÝSING

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974 er sjúkrasamlögum hér með heimilað að greiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar eftirtalin lyf, sem eru óskráð, en notuð samkvæmt sérstakri heimild:

1. Lyf til ofnæmisaðgerða (hyposensibilisering), enda sé þeim ávisað með lyfseðli sérfræðings í húðsjúkdómafræðum.
2. Sérlyfið Calcitäre (calcitonin), til notkunar við meðferð pagetssjúkdóms.
3. Sérlyfið Provera 100 mg.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

Nr. 266.

1. október 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Sjúkrasamlög skulu greiða að fullu lyf, sem sjúklingum er nauðsynlegt að nota að staðaldrí við eftirgreindum sjúkdómum, enda séu lyfin talin í tilgreindum flokkum ritsins „Lyf á Íslandi“ og auðkennd í gildandi lyfjaverðskrá:
 - a. Astma (aðeins innúðalyf) 32. flokkur
 - b. Gláka 45. flokkur E
 - c. Berklaveiki 4. flokkur P
 - d. Langvarandi briskirtilsbólga 27. flokkur A
 - e. Flogaveiki 34. flokkur
 - f. Hjartasjúkdómar 14. flokkur og
31. flokkur A, B, L
 - g. Skjaldkirtilssjúkdómar 43. flokkur
 - h. Sykursýki 5. flokkur
 - i. Vöðvaslénuþar (Myasthenia gravis) 10. flokkur B
 - j. Þvagghlaup (Diabetes insipidus) 25. flokkur E
 - k. Krabbameinslyf 38. flokkur